

Ritdómur

The Exodus: How It Happened and Why It Matters
eftir Richard Elliott Friedman,
New York: HarperCollins Publishers, 2017, 304 bls.

Önnur Mósebók (Exodus) er trúlega það rit Gamla testamentisins sem mestra vinsælda nýtur innan gyðingdóms. Í kristninni hafa hins vegar Saltarinn og Jesajaritið vinninginn. Hvað sem því líður er auðvelt að skilja vinsældir og áhrif Annarrar Mósebókar innan gyðingdóms og vissulega eru þau áhrif líka mjög veruleg í kristninni.

Brottför eða frelsun hinna hebresku þæla úr ánaud í Egyptalandi er einn mikilvægasti atburðurinn í öllu Gamla testamentinu enda er vitnað til hans aftur og aftur í öðrum bókum hins hebreska ritsafns, t.d. ríkulega bæði í Saltaranum og Jesajaritinu. Undrið við hafið (2Mós 13–15), sáttmálsgerðin á Sínaí og opinberun boðorðanna (2Mós 19–24), sem og dansinn kringum gullkláfinn (2Mós 32), eru allt atburðir og trúarleg stef sem skilið hafa eftir sig djúp spor bæði í gyðingdómi og kristni.

Þannig hefur Exodus löngum dregið til sín athygli, ekki bara biblíufræðinga heldur einnig fornleifafræðinga, sérfræðinga í sögu Egyptalands og menningu, sagnfræðinga, mannfræðinga og kvikmyndagerðarmanna.

Í biblíufræðum hefur á liðnum áratugum gætt vaxandi efasemda um að brottförin af Egyptalandi (exodus) hafi nokkru sinni átt sér stað. Þær efasemdaraddir koma einkum úr röðum svokallaðra „minimalista“ en svo eru nefndir þeir fræðimenn sem almennt eru vantrúaðir á sannfræði þeirra atburða sem Gamla testamentið greinir frá. Einkum á það við um þá atburði sem sagðir eru hafa átt sér stað fyrir tíma babýlónsku útleðarinnar (586–538 f. Kr.).

Inn í þessa umræðu efasemda hefur nú borist afar kröftug rödd hins kunna bandaríska prófessors Richards Elliott Friedman. Í bók hans, sem hér er til umsagnar, færir hann mjög sterk og sannfærandi rök fyrir því að exodus-atburðurinn hafi átt sér stað í raun og veru. Ekki hafi þó allur Ísraelslýður tekið þátt í þessum áhrifamikla atburði í sögu hins forna Ísraels heldur einungis sá hópur sem nefndur hefur verið Levítar og er vel þekktur í Gamla testamentinu. Bókin er afar læsileg og hreinlega spennandi aflestrar.

Friedman (f. 1946) er sannarlega enginn nýliði á fræðasviðinu. Hann er prófessor í gyðinglegum fræðum við háskólann í Georgíu. Doktorsnafnbót sína hlaut hann frá Harvard þar sem hann var nemandi hins nafntogaða Frank Moore Cross (1921–2012) og hann hefur verið gístiprófessor við virtustu háskóla Englands, Cambridge og Oxford. Meðal fjölmargra bóka hans er metsölubókin *Who Wrote the Bible?* (1987).

Friedman er þekktur fyrir þann mikilvæga hæfileika sinn að gera fræðin aðgengileg og áhugaverð fyrir breiðan lesendahóp. Þannig dylst lesendum hans ekki að mikið er í húfi

þegar spurningin um sannfræði exodus-atburðarins er rædd. Raunar heldur Friedman því fram, og rökstyður það vel, að þarna sé að finna upphaf eingyðistrúarinnar, sem og grundvallaratriði siðfræðinnar, boðið um kærleikann til náungans, útlendinga þar með talinna.

Rannsóknarspurning Friedmans í þessari læsilegu bók er sögulegs eðlis og alveg skýr: Átti brottförin af Egyptalandi (exodus) sér stað í raun og veru? Margir hafa bent á að engar fornleifafræðilegar sannanir séu fyrir veru ísraelskra (hebreskra) þræla í Egyptalandi — hvað þá sannanir fyrir skyndilegri frelsun þeirra vorkvöld eitt seint á bronsöld (í kringum 1300 f. Kr.).

Gegn þessari fljótfernislegu afgreiðslu málsins dregur Friedman saman nokkur afar áhugaverð atriði sem reynast uppistaðan í röksemdafærslu hans og svari sem vakið hefur mikla athygli.

Þó að í Biblíunni komi fram að allar ættkvíslir Ísraels hafi verið í Egyptalandi þá reynast allar þær persónur sem nefndar eru til sögunnar vera af ættkvísl Levís og sumar þeirra bera egypsk nöfn (t.d. Móse, Pínehas og Pashúr). Friedman telur að brottför hebresku þrælanna hafi átt sér stað í raun og veru en það hafi aðeins verið Levítar sem tóku þátt í henni. Jafnvel sé hugsanlegt að Levítar hafi upprunalega ekki verið hluti ísraelsku þjóðarinnar eða þeir hafi verið aðskildir frá bræðrum sínum, einmitt vegna dvalarinnar í Egyptalandi sem hinar ættkvíslirnar hafi ekki reynt. Þær hafi hins eignað sér hlutdeild í þessum minningum Levítanna og þær þannig orðið sameign þjóðarinnar.

Til stuðnings kenningu sinni bendir Friedman á skyldleika tjaldbúðar prestanna sem lýst er í Annarri Mósebók við egypsk trúar- og hernaðarmannvirki. Hann telur að hin biblíulega saga varðveiti mjög fornar minningar.

Meðal þess sem er áhugavert við kenningu Friedmans er sú staðreynd að heimildakenningin svonefnda gegnir þar stóru hlutverki. Kenningin er gjarnan kennd við Þjóðverjann Julius Wellhausen (1844–1918) en hann setti hana fram árið 1878 í riti sínu *Geschichte Israels* á svo sannfærandi hann hátt að hún fór fljótlega sigurför innan biblíufræðanna um veröld víða — einkum eftir að bókin var þýdd á ensku árið 1885. Hin síðari árin hefur kenningin gegnt minna hlutverki en áður þótt hæpið sé að halda því fram að nokkur önnur kenning hafi beinlínis leyst hana af hólmi sem ríkjandi kenning um myndunarsögu Mósebóka. Í riti Friedmans er aftur á móti óhætt að segja að kenningin hafi gengið í endurnýjun lífdaga.

Það er megineinkenni þessarar kenningar að Mósebækurnar hafi verið samsettar úr fjórum heimildaritum frá mismunandi tímum og hafa þessar heimildir verið kenndar við bókstafina J, E, D og P.

Friedman telur að þrjár þessara heimilda hafi verið samdar af Levítum, þ.e. E, D og P. Hinir upprunalegu egypsku drættir frásagnarinnar birtast í þessum heimildum. Jafnframt heldur Friedman því fram að þessi þrjú heimildarit — en ekki J-heimildin — noti exodus-reynsluna til að leggja grundvöllinn að sérkennum Ísraels í lagalegu og siðferðilegu tilliti. Heimildirnar þrjár endurtaki t.d. aftur og aftur mikilvægi þess að sýna útlendingum miskunn og samúð vegna þess að „við vorum einu sinni útlendingar í Egyptlandi“.

Að mati Friedmans skiptir exodus-atburðurinn sannarlega máli og því er það ekki bara fræðilega áhugavert hvort hann hafi átt sér stað eða ekki. Auk hinna siðferðilegu afleiðinga sem Friedman telur að þessi atburður hafi haft þá koma þar einnig við sögu mjög mikilvægar trúarlegar afleiðingar. Óbyggðaguðinn sem opinberaði nafn sitt fyrir Levítunum, fjögurra stafa nafnið svonefnda, JHVH (þ.e. Jahve = Drottinn), hafi runnið saman við háguð Ísraelsmanna í Kanaanlandi, þ.e. El. Þannig varð til sú trú að þessir guðir væru einn og sami guðinn sem hefði áður verið þekktur undir tveimur nöfnum.

Mikilvægasta afleiðing exodus-atburðarins, samkvæmt kenningu Friedmans, var sköpun eingyðistrúarinnar sjálfrar. Og henni fylgdi það sem varð grundvallaratriði í siðfræði Levítanna, þ.e. náungakærleikurinn, þar með talinn kærleikurinn í garð útlendinga. Þannig leiddi exodus til bæði eingyðistrúar og nýrrar afstöðu til framandi fólks, þ.e. boðsins um að elska náungann eins og sjálfan sig.

Þannig er grundvallaratriði í bók Friedmans vörn fyrir biblíulega trú þar sem grundvallar-atburður í biblíulegri sögu Ísraels fær þann dóm að vera raunverulegur sögulegur atburður. Honum fylgir eingyðistrú sem er ekki útilokandi heldur inniheldur þvert á móti boðið um ást og kærleika til náungans og þeirra sem eru okkur framandi.

Það skal undirstrikað að hér er ekki um skýringarit að ræða við Aðra Mósebók í hefðbundinni merkingu þess orðs, eða „commentary“ eins og slík rit eru kölluð á ensku. Það er m.ö.o. ekki fjallað um hvern einstakan kafla Annarrar Mósebókar með skýringum á sérhverju versí þess kafla.

Í þess stað eru tekin fyrir nokkur meginatriði í umræðunni um sannfræði atburðanna sem lýst er í Annari Mósebók og þá einkum brottfararinnar sjálfrar í samræmi við rannsóknarspurningu bókarinnar um hvort exodus-atburðurinn hafi átt sér stað í raun og sannleika.

Fimm af sex meginköflum bókarinnar hafa í yfirskrift orðið „mystery“ sem líklega væri best þýtt sem *leyndardómur* í samhengi bókarinnar, þ.e. 2. kafli: Leynardómur Egyptalands, 3. kafli: Leynardómur Ísraels, 4. kafli: Leynardómur Midíans, 5. kafli: Leynardómur Babýlons og 6. kafli: Leynardómur Júda. Loks er viðauki með yfirskriftinni: Frá Egyptalandi til Midíans.

Kaflaheitin bera með sér þann sannleika að saga Ísraels og Júda var jafnan mjög háð því að fyrirheitna landið var lítið og í þjóðbraut stórvelda og annarra nágrannaþjóða sem höfðu margvísleg áhrif á sögu þess. Það á sannarlega við um sögu Annarrar Mósebókar eða exodus-atburðarins.

Kenning Friedmans um hið stóra brautryðjendahlutverk Levítanna er heillandi og góðum rökum studd. Rétt er að geta þess að aðrir fræðimenn hafa áður haldið því fram að einhver lítill hluti Ísraels hafi verið í Egyptalandi. Það gerði t.d. hinn kunnir biblíu- og fornleifafræðingur William G. Dever (f. 1933) í bók sinni *Who Were the Early Israelites and Where Did They Come From?* (2003).

Hann hélt því fram, eins og Friedman síðar, að það hefði aðeins verið hluti Ísraels sem var í Egyptalandi. Dever hélt því hins vegar fram að það hefði verið Jósefsættkvíslin og færði fyrir því áhugaverð rök sem ekki verða þó rakin hér. En eins og Friedman taldi að reynslusaga Levítanna hefði síðar verið heimfærð upp á alla þjóðina hélt Dever því fram að það hefði einmitt gerst með reynslu Jósefsættkvíslarinnar. Saga Jósefs er sem kunnugt er rakin rækilega í 1Mós 37–50 og hinn egypski bakgrunnur hennar dylst ekki.

Hér er þess enginn kostur að rekja heillandi kenningu Friedmans í smáatriðum. Margir hafa tekið henni fagnandi og bókin selst mikið og ritdómar yfirleitt verið lofsamlegir. Það skal ítrekað að sá er þennan dóm ritar varð mjög hrifinn af bókinni við fyrsta lestur og sú hrifning hefur ekki dofnað þegar einstakir kaflar bókarinnar eru betur rýndir.

Helsti veikleikinn virðist mér vera sá að það er erfitt fyrir Friedman að færa sönnur á að Levítarnir hafi skrifað allar þær þrjár heimildir sem hann eignar þeim, þ.e. E, D og P. Sömu leiðis eignar hann E-heimildinni mun meira efni en almennt er gert þegar textarnir eru bútaðir niður á einstakar heimildir.

Þetta breytir því þó ekki að hér er um afar læsilegan og trúverðugan texta að ræða sem breytir tvímælalaust stöðunni á fræðasviðinu. Hér eftir verður varla skrifuð sú bók um Aðra

Mósebók (Exodus) að komist verði hjá því að ræða ítarlega kenningu Friedmans. Hann á rætur í jarðvegi Albrights-skólans svonefnda sem á fyrri hluta 20. aldarinnar var ríkjandi í Bandaríkjunum og byggði röksemdir sínar mikið á niðurstöðum fornleifafræðinnar. Það gerir Friedman líka en tengir þær fagmannlega við heimildakenninguna og áratugþjálfun í aldursgreiningu textanna, sem hann telur marga hverja mun eldri en fræðimenn hafa gjarnan gert á síðustu árum og áratugum. Niðurstaða mín er sú að hér sé á ferðinni vandað fræðirit sem beinlínis breyti stöðunni á fræðasviði Annarrar Mósebókar. Lesandinn upplifir að líkurnar á sannfræði þessarar mikilvægu bókar séu mun meiri en svo margir aðrir hafa haldið fram upp á síðkastið.

Heillandi bók, afar vel skrifuð og vandað fræðirit sem maður er þakklátur fyrir að hafa fengið í hendur og lesið sér til mikils gagns!